



FARARHEILL

Það mun nú vera um aldarfjórðungur, sem við undirritaðir höfum að meira eða minna leyti átt samleið með „Frjálsri verzlun“, ýmist verandi í útgáfustjórn, ritsstjórn eða ritað í blaðið. Það hefur gengið á ýmsu með útkomu og afkomu blaðsins á þessu tímabili, enda jafnan unnið að því í hjáverkum af áhugamönnum einum. Þrátt fyrir það er „Frjáls verzlun“ nú eitt elzta tímarit landsins.

Við höfum jafnan keppt að því, að ritið væri trútt sínum titli, að vera málsvari frjálsrar verzlunar og almenns athafnafrelsis, og var vissulega ekki vanþörf að minna á þær hugsjónir á tímum hafta og vaxandi opinberra afskipta af atvinnumálum og viðskiptum. — „Frjáls verzlun“ kann að hafa verið veik rödd á þeim árum, en hún hljóðnaði þó ekki, og oft urðum við þess varir, að hún

átti sér hljómgrunn og ýmsir mátu viljann fyrir verkið.

Nú hefur sem betur fer farsællegar skipast í þessum efnum, olnbogarúm verið rýmkað fyrir framtaksmenn og verzlun öll felld í frjálsari farvegi. Enda þótt við ýmsa aðra örðugleika sé að stríða fyrir atvinnurekendur, fer svo og jafnan, að áræði stefnir til arðs. Engu að síður er það okkar skoðun, að „Frjáls verzlun“ hafi enn sínu hlutverki að gegna, að standa vörð um athafnafrelsið. Auk þess sem nauðsynlegt er, að haldið sé úti í landinu sæmilegu riti, sem fjallar um atvinnuvegi þjóðarinnar og efnahagsmál.

Okkur er því mikið ánægjuefni, að ungir menn vilja taka upp merkið og halda vöku þjóðarinnar á þessum vettvangi. Óskum við þeim fararheillar og „Frjálsri verzlun“ góðs gengis.

Birgir Kjaran.

Gunnar Magnússon.